



Eitthvað fyrir alla — en naumt skammtað

Tónablið: Prinsinn og betlarinn (The Prince and the Pauper) Bandarísk. Árgæð 1977. Leikstjóri: Richard Fleischer. Aðalhlutverk: Oliver Reed, George C. Scott, David Hemmings, Raquel Welch.

Einusinni voru tveir bræður. Þeir hétu Alexander og Ilya Sal-kind og voru kvikmyndaframleiðendur.

Dag nokkurn sátu þeir við sundlauginna sína og tötuðu stórsigara. Þá segir Ilya:

— Heyrðu elsku bróðir, eigum við ekki að reyna að ávaxta þessipundsem okkur hefur með elju og ástundun tekist að reita saman, áður en þau fúðra upp í verðbólgunni?

— Hafðu heill mælt, svarar Alexander. Við framleiðum enn eina kvikmynd samkvæmt kjör-orðinu okkar.

— Nú? segir Ilya og dreyfir á kampavíninu sínu („Moet et Chandon"). Hvernig þá?

— Jú, lítta á: Við bjóðum almenningi í tveggja tíma skemmtiferð til Evintýralandsins þar sem enginn ólafur-jóhannesson glottir við tönn, þar sem heildsalarnir eru bara pattaralegir heildsalar og láta sig ekki dreyma um að verða kóngar eða forsetar — nema þá kannski Knattspyrnusambandsins, þar sem konur hafa brjóst og lær í stað þessara þreytandi vitmuna, þar sem karlarnir eru málalíbar og hetju-ir í stað þess að þúfa frá nið til fimm, þar sem...

— Já, ég veit, segir Ilya. Ég er nú ekki alveg grænn. Ég kann kjörorðið. Skál fyrir því. Þeir rísa á fætur og klingja glósum: EITTHVAÐ FYRIR ALLA, hrópa þeir og drekka úr glósum-um í einum teig. Þeir setjast.

— Eitthvað fyrir alla, tautar Alexander. Eitthvað nýtt.

— Eitthvað nýtt og sniðugt, segir Ilya.

— Einsoghvað? segir Alexander.

— Tja? segir Ilya.

— Ég held það sé ekkert lengur upp úr því að hafa að hræða fólk, segir Alexander, þótt það sé auðvitað alltaf gaman að því. En fólk er bara orðið svo harð-soðið. Það kippir sér ekki upp við Kjamma né Okindur né Jarðskjálfta né Stjórnustríð... helsta ráðið væri kannski að reyna að finna upp einhvern



Kvikmyndir

eftir Bráin Bertelsson

bólvaðan viðbjóð og láta hann koma utan úr geimnum úr því fólk er orðið ónæmt fyrir öllum viðbjóðum hérna á jörðinni.

— Það er of seint, segir Ilya.

— Hvað er of seint? segir Alexander.

— Þetta með viðbjóðinni utan úr geimnum. Hann Ridley Scott er búinn að skjóta okkur ref fyrir rass. Kallar viðbjóðinn sinn ALIEN. Og fólkíð streymir að. Sér viðbjóðinn fyrir hækkað verð og sefur svo ekki í viku.

— Alltaf er það eins, segir Alexander. Aldrei getur þér dottið neitt nýtt og sniðugt í hug.

— Nýtt og sniðugt, segir Ilya.

— Af hverju þarf það endilega að vera nýtt?

— En ekki hvað?

— Gamalt. Gamalt og gott, ha? Samanber. Ekkert er nýtt undir sólinni og svo framvegis.

— Þú segir nokkuð, Ilya. Fáðu þér meira kampavín.

— Sjáðu til, segir Ilya og sveltist á kampavíninu. Viltu hætta að berja í bakið á mér. Sko, við tökum gamalt ævin-týri...

— Ævintýri? Þau eru bara handa börnum...

— Veistu hvað það eru mörg börn til í heiminum? Og þau eru öll sólgin í að fara í bíó.

— Já...

— Og öll börn eiga foreldra. Eða stjúppforeldra. Eða hvort-tveggja eins og hjónaskilnabir eru orðnir algengir...

— Ekki nenna foreldrar að hanga yfir ævintýrum.

— Ekki gripa fram í fyrir mér Sko: Ævintýrið er handa börnunum, svo höfum við hana Raquel Welch með handa feðrunum.

— Og Oliver Reed handa mæðrunum.

— En hvað eigum við að hafa handa gagnrýndunum. Þeir brytja okkur ábyggilega í spað

— Við fáum Marlon Brando. Þá þorir enginn að segja neitt.

— Hann er svofjandi dýr hann Marlon.

— Þá fáum við bara hann George C. Scott. Hann gerir sama gagn.

— Heyrðu, þetta er ekki svo vitlaus hugmynd. Hvaða ævin-týri eigum við að taka?

— Það skiptir engu máli. Við getum til dæmis tekið „Prinsinn og betlarann". Ég er að lesa hana á kvöldin fyrir strákinn minn.

— Jája, þá skulum við bara segja það. Skál

— Já, skál. EITTHVAÐ FYRIR ALLA.

Svo felldu þeir bræður talið og snerusér að því að filma gamalt og gott ævintýri, sem nú er til sýnis í Tónabíói.

Þar geta börnin horft á prinsinn og betlarann. Feðurnir á Raquel Welch. Mæðurnar á Oliver Reed. Og gagnrýndur á George C. Scott.

Það er örugglega eitthvað fyrir alla — en heldur naumt skammtað.

Köttur úti í mýri...

„Einstakt tækifæri til að kynna bækur fjarlægra landa"

Alþjóðleg barnabókasýning. „Bækur handa börnum heims" opnar á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag. Sýning þessi var fyrst sett upp á vegum Frankfurt-er Buchmesse í október 1978, í til-efni komandi barnaárs 1979. Hér er um að ræða farandsýningu 3000 barnabóka frá 70 þjóðlöndum hvaðanæva úr heiminum, sem vek-ið hefur hvarvetna mikla athygli og einróma lof ummælenda. Sýn-ingin hefur t.d. verið í Svíþjóð, Austurríki og í aðalstöðvum UNESCO í París, nú nýlega.

Hingað er sýningin komin á vegum Félags bókasafnsfræð-inga, Bókavæðingafélags Íslands og Rithöfundasambands Íslands, og er þetta þeirra framlag til alþjóðárs barnsins.

Helgarpósturinn hitti að máli þar Önnu Torfadóttur og Halldóru Þorsteinsdóttur, sem tekið hafa virkan þátt í undirbún-ingi sýningarinnar, og spurði fyrst hver tilgangurinn væri með sýningu þessari.

Halldóra sagði, að tilgangurinn væri sá, að kynna barnabókagerð hvaðanæva úr heiminum. Þetta hafi verið einstakt tækifæri til að fá hingað bækur fjarlægra landa, eins og frá Indlandi Japan, Fíji-eyjum, svo eitthvað sé nefnt, en bækur frá þessum löndum eru hér sjaldséðar. Þær eru um margt ólíkar þeim bókum, sem við eigum að venjast. Mynd-skreyting t.d. japanskra bóka er sérstæð og falleg. Vonandi yrði þetta hvatning fyrir íslenska bókautgáfu, sem hingað til hefur verið of bundin við okkar næstu nágrannalönd.

Anna sagði, að það væri sér-stakur fengur fyrir þau að fá bæk-ur frá löndum þriðja heimsins. Þar byggju nú um 70% mann-kyns, en bókautgáfa þeirra næmi aðeins 1/5 af útgefnum bókum heimsins.

— En nú er ýmislegt annað í tengslum við þessa sýningu?

Anna: „Það verður barnabóka-safn, sem bókasöfn á Stór-Reykjavíkursvæðinu sjá um. Tilgangurinn með barnabóka-safninu er að leggja áherslu á ís-lenskar barnabækur, þar sem

hlutur Íslands er tiltölulega lítill á sýningunni og líka til að auðvelda samanburð. Í barnabókasafninu verður útlán, sögustund, brúðu-leikhús og fleira sem tilheyrir barnabókasafni".

Halldóra: „Einnig fannst okkur tilvalið að fá Zonta-klúbbinn á Akureyri lítið með okkur, en hann sér um Nonna-safnið þar í bæ. Klúbburinn setur barna upp sér-staka Nonnadeild. Nonni, eða Jón Sveinsson er júst talinn okkar fyrsti barnabókahöfundur. Hann er líka þekktari erlendis en flestir aðrir íslenskir rithöfundar, enda hafa bækur hans verið þýddar á um 40 tungumál.

Þá verður einnig sérstök dag-skrá við hæfi barna og fullorð-inna, t.d. fyrirlestrar og umræðu-fundir um barnabækur. Leik-brúðuland verður með sýningar alla sunnudaga, sögustund verður í bókasafni tvisvar á dag og flutt-ur verður leikþátturinn „Börn in bókum" frá Þjóðleikhúsinu. Dag-skráin öll beinist að því að minna á hve stóran þátt bókinn og bóka-söfn eiga í menningu okkar".

— Nú er þetta stór sýning, hver stendur straum af kostnaðinum við að fá hana hingað til lands?

„Þetta er sennilega stærsta al-þjóðlega bókasýningin sem hér hefur verið sett upp og er flutn-ingskostnaður t.d. hátt á þriðju milljón. Við fórum út í þetta af bjartsýni og biðum eftir afrekstri styrkbeiðna, sem við sendum til ýmissa aðila. Okkur hefur þegar orðið nokkuð ágengt. Við vorum t.d. rétt í þessu að fá tilkynningu um að UNESCO myndi veita okk-ur umtalsverða fjárhagsaðstoð. Nægir hún ríflega til þess að greiða milljón króna vixilinn, sem við þurfum að taka til þess að borga flutningskostnað sýn-ingarinnar hingað til lands. En enn eigum við eftir að skila sýn-ingunni", sögðu Anna Torfadóttir og Halldóra Þorsteinsdóttir.

Sýningin verður opnuð laugar-daginn 20. október, eins og fyrr segir, og stendur hún til 4. nóvem-ber.

-GB.

Draumar geta ræst

Leikfélag Akureyrar: Galdarakarlinn í Oz Höfundur: John Harryson Byggt á sögu eftir L. Frank Baum Tónlist: Harold Arlen Þýðing: Hulda Valtýsdóttir. Þýðing söngtexta: Kristján frá Djúpalæk Leikmynd og búningateikningar: Ragnar Lár Útsetning tónlistar: Karl Jóna-tansson. Leikstjóri: Gestur E. Jónasson.

Leikfélag Akureyrar minnst barnaárs þess sem nú er langt á liðið með því að taka til sýningar hið sigilda barnaleikrit Galdra-karlinn í Oz. Tilurð þessa leikrits varð með nokkuð sérstökum hætti. Bandaríkjamadurinn L. Frank Baum skrifaði bók með þessu nafni, og var hún kvik-mynduð. Hlaut kvikmyndin fádæma vinsældir, ekki sist

OPIÐ AUGA

A Kjarvalsstöðum eru nú sýndar myndir eftir ljósmynd-arann Rafn Hafnfjörð. Sýningin er stór í sniðum, þekur allan vestursal Kjarvalsstaða. Rafn er offsetprentari að mennt, en hefur frá ásku tekið ljósmyndir og mun vera einn reyndasti ljós-myndari á Íslandi. Myndir hans hafa birst víða, m.a. landkynn-ingarmyndir hans úr íslenskri náttúru. Árið 1967 var hann fenginn til að skreyta sal Íslands á heimssýningunni í Montreal.

Það ætti engan að undra sem leggur leið sína á Kjarvalsstaði hvers vegna Rafn var fengið áður en hann var fengið. Við þeim sem gengur í salinn blasa kröft-ug verk, náttúrulýsingar eins og ljóð. Því segi ég þetta vegna þess að staðsetning yrkisefna

myndavélina, afmarkar mynd-efnið innan ferhyrningsins hið besta úrtak.

En það ber vott um hina vis-indalegu hugsun Rafns jafn-framt þeirri ljóðrænu að mynd-val hans er ekki handahófs-kennt. Hann smellir ekki af á tvíst og bast út í bláinn. Í blaða-viðtali kemur ljós, að fyrst tek-ur Rafn nokkurs konar svæðis-myndir af þeim stað sem hann velur. Því næst fíkrar hann sig nær með myndavélinni og tekur að kanna staðinn í smáatriðum. Á sýningunni er leitast við að sýna þessar svæðismyndir og kringum þær hanga svo nær-myndirnar af svæðinu. Þannig vinnur Rafn myndir sínar stað-fræðilega (topografískt) og kannar til hlítar náttúru lands-ins nær sem fjar.

A svipaðan hátt er könnun formsins gerð. Fjallmassar við



Frá sýningu Rafns Hafnfjörð að Kjarvalsstöðum.

Rannsókn litbrigðanna er stór þáttur í verkum Rafns. Hann fer ákaflega vel með liti í verkum sínum. Hvergi er að finna of-notkun lita. Þó ræður hér miklu hvernig viðfangsefnið er mynd-að. Myndir teknar í nálægð við myndefnið eða úr lofti eru gjarnan einslita (monochrome) í gráum eða brúnum tónum. Þetta á við um þær myndir sem teknar eru af náttúrunnar fyrir-bærum, bergmyndunum eða leir-hverum. Hins vegar eru myndir teknar úr meiri fjarlægð litrík-ari. Njóta sín þar einfaldir og sterkir litir, svo sem grænir litir grasbala, sem lækureða á fellur um. Gott samspil lita og birtu gera myndir Rafns að óvé-fengjanlegum listaverkum.

Hér eru ekki einungis lands-lags- og náttúrumyndir til sýnis. Syrpa af myndum úr borginni og stemningar frá höfninni prýða veggj Kjarvalsstaða. Einnig eru hér nokkrar manna-myndir einkum myndlistar-menn sem ljósmyndaranum eru

Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson



Rafn er aukaatriði; það eru margbreytileg form náttúrunnar sem máli skipta. Hvort sem um er að ræða fjall eða fallvötn séð frá jörðu eða úr lofti mynda þau heilsteypa bygging verks-ins. Það er því líkt og lista-maðurinn lagi náttúruna til, snurfusi hana og snikki, áður en hann myndi hana. Auðvitað er því þveröfugt varið og aðeins næmt augað sem horfir gegnum

sjóndeildarhring skera sig úr eyðilegu landslaginu nær og hinnunum í baksýn. Þetta er sterk og einföld myndbygging. Á hinn bóginn er andstæðan sýnd í margslunginni grafík náttúrunnar myndabri nálægt. Enn önnur form loftast þegar landið er séð úr lofti. Farvegur árinna verður eins og ormur sem hlykkjast gegnum mynd-flötinn.

LAUGARASBÍÓ

Það var deltan á móti regl-unum, reglurnar töpuðu.

DELTA KLÍKAN

ANIMAL HOUSE

A UNIVERSAL PICTURE
TECHNICOLOR®

Reglur, skóli, klíkan = allt vitlaust. Hver sigrar?

Ný eldfjörug og skemmtileg bandarísk mynd.

Aðalhlutverk: John Belushi, Tim Matheson og John Vernon.

Leikstjóri: John Landis. Hækkad verð.

Sýnd kl. 5, 7.30 og 10
Bönnuð innan 14 ára.